

Leið 13 - C

Nesjavellir – Vörðu-Skeggi

Erfiðleikastig 3. 7,7 km (Frá upphafspunkti við Nesjavelli).

(0,4 km)

Frá vegpresti á hásléttu Hengilsins er gengið til norðurs yfir hrjóstruga ása niður á við, yfir fannir sem þarna liggja langt fram á sumar, Vörðu-Skeggi blasir við sem lítill sandhóll í fjarska. Gengið yfir gróðursnauða mela að vegpresti við Vörðu-Skeggja, hér er leið niður í Marardal og Sleggjubeinsdal. Sjá leið B. Við höldum að Vörðu-Skeggja. Sjá leið A.